

Föstudaginn 6. október 1995.

Nr. 332/1995.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Halldóri Júlíussyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Kærumál. Aðför. Fjárnám. Kröfuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. október sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 12. september 1995, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um ógildingu á fjárnámi, sem sýslumaðurinn í Hafnarfirði gerði hjá honum 7. mars 1995 að kröfu sóknaraðila. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og staðfest gildi fjárnámsins, sem var gert í bifreiðinni JM 897. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fjárnámið, sem deilt er um í málinu, var gert fyrir kröfu sóknaraðila samkvæmt reikningum vegna kaupa á heitu vatni fyrir húsið að Bárugötu 15 á Akranesi á tímabilinu 1. júlí til 26. nóvember 1992. Reikningar þessir hljóða á nafn varnaraðila. Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, telur varnaraðili sig ekki bera ábyrgð á þessari kröfu sóknaraðila, þar sem hann hafi hvorki átt fyrrnefnda fasteign á reikningstímabilinu né haft með höndum veitingarekstur, sem þar fór fram.

Óumdeilt er, að varnaraðili var eigandi fasteignarinnar í janúar 1982, þegar heitu vatni frá sóknaraðila var fyrst hleypt á húsið. Samkvæmt greinargerð varnaraðila í héraði sótti hann um heimtaug fyrir hitaveitu og greiddi kostnað af tengingunni. Þótt rétt geti verið hjá varnaraðila, að sameignarfélag, sem hann var meðal eigenda að, hafi á þessum tíma haft með höndum veitingarekstur í húsinu, þá

kemur hvergi fram, að sóknaraðila hafi verið tilkynnt, að orkukaupandi ætti að vera annar en varnaraðili. Verður því að líta svo á, að varnaraðili hafi stofnað á þennan hátt til kröfuréttarsambands milli sín og sóknaraðila um orkukaup, en eftir almennum reglum hvíldi þá á varnaraðila að leita lausnar undan því sambandi, ef hann teldi efni til þess. Því hefur ekki verið haldið fram, að varnaraðili hafi gert neitt slíkt eða að sóknaraðila hafi á annan hátt verið greint frá breytingum í þessum efnum, fyrr en honum var tilkynnt 24. nóvember 1992 um nýjan orkunotanda í umræddu húsi. Allt fram að því munu reikningar frá sóknaraðila hafa verið stílaðir á varnaraðila, sem virðist engum athugasemdum hafa hreyft af því tilefni.

Samkvæmt framangreindu verður að telja varnaraðila bera ábyrgð á greiðslu reikninga fyrir heitt vatn til hússins að Bárugötu 15 á Akranesi, þar til fyrrnefndri tilkynningu var beint til sóknaraðila í nóvember 1992. Þar sem reikningarnir, sem fjárnám sóknaraðila var gert fyrir, stafa af orkukaupum fyrir þann tíma, verður að fallast á það með honum, að ganga hafi mátt að varnaraðila um greiðslu þeirra. Með því að krafa varnaraðila um ógildingu fjárnámsins er ekki studd öðrum rökum, verður að taka til greina kröfu sóknaraðila um staðfestingu þess.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Staðfest er fjárnám, sem sýslumaðurinn í Hafnarfirði gerði 7. mars 1995 hjá varnaraðila, Halldóri Júlíussyni, að kröfu sóknaraðila, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 120.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag að loknum málflutningi.

Sóknaraðili er Halldór Júlíusson, kt. 201036-2759, Hlíðsnesi, Bessastaðahreppi. Varnaraðili er Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, kt. 650779-0299.

Sóknaraðili krefst þess, að aðfarargerð, er fram fór hjá honum 7. mars sl., verði úr gildi felld og honum úrskurðaður málskostnaður.

Varnaraðili krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað, og krefst jafnframt málskostnaðar.

I.

Málavextir eru þeir, að varnaraðili lét gera fjárnám hjá sóknaraðila vegna hitaveituskuldar að Bárugötu 15, Akranesi. Sóknaraðili mótmælti fjárnámi hjá sýslumanni á þeirri forsendu, að hann hefði ekki verið eigandi eignarinnar á tímabilinu 1. júlí 1992 til 26. nóvember 1992, en á þeim tíma safnaðist upp hitaveituskuld við varnaraðila, samtals 120.658 kr.

Sóknaraðili, Halldór Júlíusson, átti húsið Bárugötu 15 á Akranesi. Húsið er í daglegu tali kallað Hótel Akranes, og var sóknaraðili með hótél- og veitingarekstur í húsinu. Þegar Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar tók til starfa, fékk sóknaraðili heimtaug frá hitaveitunni og greiddi þann stofnkostnað sem eigandi hússins. Vatni var hleypt á húsið 19. janúar 1982 og sóknaraðili skráður sem orkukaupandi, þar sem hann hafði sótt um að fá heimtaugina. Sóknaraðili kveður hins vegar, að með réttu hefðu Skagaveitingar sf. átt að vera orkukaupandi. Það félag hefði tekið við öllum rekstri í húsinu í ársbyrjun 1980. Kveðst sóknaraðili hafa staðið í þeirri trú, að skráning orkukaupa hefði verið leiðrétt, þegar vatni var hleypt á húsið 1982. Hinn 15. ágúst 1987 hefði félagið Skagaveitingar hf. með heimili að Bárugötu 15 verið stofnað og tekið við rekstri sameignarfélagsins. Um áramót 1989/1990 hefði hlutfélagið keypt fasteignina af sóknaraðila. Árið 1992 hefði reksturinn verið farinn að ganga illa og fasteignin Bárugata 15 verið seld á nauðungaruppboði 22. október 1992 og Skagaveitingar hf. úrskurðaðar gjaldþrota 15. desember s. á. Sóknaraðili kveðst hafa neyðst til að kaupa eignina á uppboði til að verja veðkröfu, sem hann átti áhvílandi á eigninni.

Risna hf., sem sóknaraðili er í forsvari fyrir, tók við rekstrinum í lok nóvember 1992, og var þá loks tilkynnt um nýjan orkukaupanda. Til þess tíma var sóknaraðili skráður notandi, allt frá því að vatni var hleypt á húsið í janúar 1982.

II.

Málsástæður sóknaraðila eru þær, að hann hafi í raun aldrei keypt orku af varnaraðila í eigin nafni eða vegna eigin rekstrar. Skagaveitingar hf. hefðu átt fasteignina Bárugötu 15 frá ársbyrjun 1990 til 30. október 1992 og verið með rekstur í húsinu á því tímabili, sem reikningar varnaraðila í máli þessu spanna. Telur sóknaraðili, að varnaraðila hafi átt að vera þetta ljóst, enda hitaveitan að stórum hluta í eigu Akranessbæjar, þar sem skráningar á fasteignum í bænum liggja fyrir. Í öðru lagi bendir sóknaraðili á, að 1. sept-

ember 1992 hafi verið skipt úr sölu á heitu vatni um hemil yfir í sölu gegnum rennslismæli. Það hafi verið á miðju því tímabili, sem hinir umkröfðu reikningar taka til. Þá hljóti starfsmönnum varnaraðila að hafa verið ljóst, hver var eigandi fasteignarinnar og rekstraraðili, enda hafi þeir þurft að skipta um mæligrind inni í húsinu. Sóknaraðili mótmælir því, að það eitt, að hinir umþrættu reikningar séu stílaðir á sitt nafn, geti skapað kröfurétt. Reikningarnir hafi alla tíð verið sendir að Bárugötu 15, Akranesi, og sóknaraðila ekki kunnugt um, að þeir væru stílaðir á hann persónulega, enda hafi aldrei reynt á það, þar sem reikningar hefðu ávallt verið greiddir af rekstraraðila. Að lokum bendir sóknaraðili á, að 28. ágúst 1992 hafi tekið gildi ný reglugerð fyrir varnaraðila, nr. 318/1992. Samkvæmt 18. gr. hennar beri húseigandi ábyrgð á tilkynningu um notendaskipti. Þetta ákvæði felli ekki ábyrgð á sóknaraðila á reikningum frá fyrri tíma, þó að hann hafi eignast eignina og fengið umráð hennar frá 30. október 1992 við samþykki boðs á uppboði, enda hafi engin notendaskipti orðið þá. Þau hafi ekki orðið fyrir en í lok nóvember 1992. Þegar Risna hf. tók við rekstrinum, og hafi þau skipti verið tilkynnt. Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til þeirrar meginreglu, að kröfum vegna sölu vöru eða þjónustu verði einungis beint að þeim, sem var kaupandi, en ekki að þriðja aðila, nema fyrir liggi sjálfstæð ábyrgð hans eða settar réttarreglur.

Varnaraðili bendir á, að sóknaraðili hafi í tíu ár verið skráður orkukaupandi og aldrei á þeim tíma tilkynnt um, að hann væri hættur orkukaupum. Samt hafi hann verið viðriðinn rekstur að Bárugötu 15, fyrst sem einn sameigenda Skagaveitinga sf., en síðan sem stjórnarformaður samnefnds hlutafélags. Sú skylda hvíli á notanda orku að tilkynna varnaraðila, þegar hann hættir orkukaupum, sbr. 1. mgr. 18. gr. rg. nr. 318/1992 og 3. mgr. 17. gr. rg. nr. 580/1980. Sá aðili, sem skráður sé notandi, beri jafnframt ábyrgð á greiðslu. Um sölu á heitu vatni gildi ekki ákvæði laga um lausafjárkaup eða meginreglur kröfuréttar um sölu vöru eða þjónustu. Farið skal eftir stjórnvaldsfyrirmælum, sem sett eru með reglugerð, um starfsemi varnaraðila og þeirri gjaldskrá, sem gildi á hverjum tíma. Varnaraðili mótmælir því, að sér hafi átt að vera kunnugt um, hver rak starfsemina að Bárugötu 15, t. d. hafi verktakar á vegum varnaraðila skipt um mæla, þegar hemlar voru aflagðir. Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að það hafi í raun ekki þýðingu, hvort einhverjir starfsmenn hans kunni að hafa haft einhverjar hugmyndir um, hver væri hinn eiginlegi rekstraraðili að Bárugötu 15. Það hafi verið ótvíræð skylda sóknaraðila að tilkynna varnaraðila, að hann væri hættur orkukaupum. Varnaraðili hafi ekki heimild til að skrá nýjan aðila sem orkukaupanda að eigin frumkvæði, nema sérstök tilkynning komi þar um.

III.

Varnaraðili krefst fjárnáms hjá stefnanda vegna ógreiddra hitaveitureikninga fyrir tímabilið 1. júlí 1992 til 26. nóvember 1992. Á því tímabili voru tvær reglugerðir í gildi fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, hin fyrri nr. 580/1980, sem gildi til 31. ágúst 1992, er við tók ný reglugerð nr. 318/1992. Í eldri reglugerð eru engin ákvæði, sem leggja ábyrgð á húseiganda, ef hann vanrækir að tilkynna um notendaskipti. Verður því að líta svo á, að það sé notandi, sem einn beri ábyrgð á greiðslu, a. m. k. fram að gildistöku nýrrar reglugerðar 31. ágúst 1992.

Eftir að reglugerð nr. 318/1992 tók gildi, giltu ákvæði 2. mgr. 18. gr. hennar. Þar er sú skylda lögð á húseiganda að tilkynna um notendaskipti. Heimild er í reglugerðinni til að gera húseiganda ábyrgan fyrir orkunotkun, sem til fellur, eftir að fyrri notandi yfirgaf húseignina. Þegar þessi reglugerð öðlast gildi, voru Skagaveitingar hf. eigendur Bárugötu 15 og höfðu verið frá ársbyrjun 1990.

Sú skylda að tilkynna um notendaskipti hvíldi því á Skagaveitingum hf., en ekki á sóknaraðila.

Sóknaraðili keypti húsið undir veitingarekstur og átti það í eigin nafni. Hann leigði það ávallt út, eftir að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar tók til starfa árið 1982. Fyrst leigði hann húsið Skagaveitingum sf. frá árinu 1980 til 1987, en síðan Skagaveitingum hf., uns Risna hf. tók við rekstrinum í lok nóvember 1992. Skagaveitingar hf. voru þinglesnir eigendur Bárugötu 15 frá ársbyrjun 1990 til 30. október 1992. Af framansögðu þykir ljóst, að tilkynningarskylda hvíldi ekki á sóknaraðila, og þykir ekki skipta máli, þó að hann hafi verið einn af fjórum eigendum sameignarfélagsins og í stjórn hlutafélagsins.

Þá ber einnig sérstaklega að líta til þess, að sóknaraðili var ekki búsettur að Bárugötu 15, Akranesi, heldur í Bessastaðahreppi. Reikningar voru sendir á Bárugötu 15, og þykir því ekki loku fyrir það skotið, að sóknaraðili hafi ekki vítað af því, að reikningar voru stílaðir á hann persónulega.

Niðurstaða málsins er því sú, að aðfarargerð frá 7. mars 1995 í bifreiðinni JM-897, Subaru, árg. 1987, er úr gildi felld. Eftir þessari niðurstöðu verður varnaraðili úrskurðaður til að greiða sóknaraðila 70.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fjárnám, gert 7. mars 1995, að fjárhæð 178.781 kr., í bifreiðinni JM-897, Subaru, árg. 1987, er úr gildi felld.

Varnaraðili, Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, greiði sóknaraðila, Halldóri Júlíussyni, 70.000 kr. í málskostnað.